

Viljayfirlýsing

Akureyrarbær lýsir yfir vilja til að afmarka byggingarreiti og/eða einstakar lóðir með það markmið að auðvelda byggingu hagkvæmra leigu- og búseturéttaríbúða sem reknar verða án hagnaðarkröfu á vegum Búfesti hsf og/eða samstarfsfélaga.

Búfesti hsf hefur mótað þá stefnu að í almennum fjölbýlishúsum og íbúðakjörnum á vegum félagsins skuli gera ráð fyrir hagfelldri blöndun íbúa og breiðri gerð íbúða, bæði að stærðum og verðflokkum.


Akureyrarbær lýsir yfir vilja til að tryggja Búfesti hsf aðgang að lóðum fyrir allt að 125 íbúðir á tímabilinu 2018-2022 og eftir því sem samræmist mati Akureyrarbæjar á íbúðapörf á hverjum tíma. Um væri að ræða íbúðir ætlaðar almennum félagsmönnum Búfesti hsf þar sem íbúar verða ekki valdir inn á grundvelli tekna eða félagslegrar stöðu við upphaf búsetunnar.

Í samvinnu við Búfesti hsf mun Akureyrarbær í framhaldi þróa deiliskipulag lóða og byggingarreita sem mætir þörfum Búfestis, með það fyrir augum að sem mestri hagkvæmni verði náð og byggingakostnaður verði sem lægstur, en um leið verði tryggt að gæði íbúða og umhverfis verði í góðu samræmi við kröfur.

Búfesti hsf er tilbúið að takast á við uppbyggingu íbúða í stærri íbúðakjörnun en jafnframt kemur vel til greina að félagið byggi einstök parhús eða minni fjölbýlishús/raðhús á þéttingarreitum í eldri hverfum eftir því sem slíkt getur þjónað markmiðum skipulagsins og eftirspurn á vettvangi félagsins.

Félag Eldri borgara á Akureyri/EBAK hefur lýst vilja til samstarfs við Búfesti hsf um nýtt íbúðaframboð sem veita mundi félagsmönnum 60 ára + tiltekinn forgang að leiguíbúðum og búseturéttaríbúðum og „eignaríbúðum innan félags“ samkvæmt nánara samkomulagi aðila.

Búfesti hsf hyggst sækjast eftir stofnstyrkjum vegna bygginga íbúða fyrir lágtekjufólk, eldri borgara, fatlaðra og/eða stúdenta í samræmi við lög nr.52/2016 eftir því sem slíkt fellur innan markmiða félagsins og samræmist mati Akureyrarbæjar á íbúðapörf á hverjum tíma.



Eiríkur Björn Björgvinsson
bæjarstjóri

Akureyri 5. janúar 2018



Benedikt Sigurðarson
framkvæmdastjóri Búfesti hsf



Guðlaug Kristinsdóttir
Formaður Búfesti hsf